

Kiwanis



Umdæmið Ísland-Færeyjar

Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

“Brettum upp hendur”

Atli Þórsson

Umdæmisféhirðir 2010-2011

Álfaheiði 1b, 200 Kópavogur

S: 5641836/8250442

atlith@islandia.is / www.kiwanis.is

Skýrsla umdæmisféhirðis fyrir október 2010 – desember 2010, flutt á umdæmisstjórnarfundum 22. janúar 2011

Undirritaður tók við mjög góðu búi af umdæmisféhirði 2009-2010 og var hægt að ganga beint í verkefni vegna 2010-2011. Einstaklega gott hefur verið að leita til hans eftir aðstoð og ráðleggingum.

Innheimta innlendra gjalda.

Reikningar fyrir fyrri hluta (60%) innlendra gjalda og Kiwanisfrétta voru sendir út í nóvember 2010. Í dag hafa allir íslensku klúbbarnir greitt, en enginn af færeysku klúbbunum. Aðeins þurfti að beita léttrum innheimtuaðgerðum við einn af íslensku klúbbunum. Svæðisstjóri Þórssvæðis er í sambandi við klúbbana í Færeyjum vegna þessa.

Erlendu gjöldin

Reikningur fyrir erlendu gjöldunum hefði átt að hafa borist til klúbbana um áramótin. Ástæða þess að það hefur ekki gerst er að umdæmistjóri sendi KI beiðni um afslátt af erl gjöldunum eins og hefur verið gert síðastliðin tvö ár. KI bað um nánari rökstuðning fyrir þessari beiðni og sömdu umdæmisstjóri og -féhirðir mjög lærða grein fyrir KI sem hvaða hagfræðingur sem er hefði verið hreykinn af. Þessa beiðni á taka fyrir á fundi hjá KI um miðjan janúar og verða reikningarnir sendir út þegar niðurstaða liggur fyrir af þeim fundi. Ég held að það sé á hreinu að þetta er í síðasta skiptið sem það þýðir að sækja um þennan afslátt af erlendu gjöldunum

Greiðsla reikninga og fjárhagsleg staða.

Peningaleg staða íslenska umdæmisins er góð og hefur verið hægt að greiða reikninga á réttum tíma eftir stífa og nákvæma skoðun hins aðhaldssama umdæmisféhirðis. Keyptar hafa verið tvær fartölvur fyrir umdæmisstjóra og -ritara og einnig hefur verið ráðsist í endurbætur á heimasíðu umdæmisins. Bókhaldið fyrir okt 2010 – des 2010 hefur verið sent til bókara umdæmisins.

Að lokum vill umræmisféhirðir þakka sérdælis ánægjulegt samstarf sem hann hefur á við alla þá sem hann hefur leitað til og þurft að hafa samstarf við innan íslenska umdæmisins.

Með Kiwaniskveðjum